

Ed. 30. Frumvarp til laga [30. mál]
um breyting á lögum nr. 2 frá 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

C-liður 6. gr. laga nr. 2 frá 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands, orðist svo: Söfnunarsjóðnum er heimilt að áskilja sér allt að 7 af hundraði í ársvexti af lánum, er tryggð eru með veði í fasteign eða handveði. Þó má aldrei semja um hærri vexti samkvæmt þessari heimild en Landsbanki Íslands reiknar sér á sama tíma.

Óheimilt er að hækka vexti af lánum, er veitt hafa verið úr sjóðnum við gildistöku laga þessara, frá því er samið var um, þegar lánin voru tekin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 75 frá 25. nóv. 1952 var leyfð almenn vaxtahækkun í 7% á ári, af skuldum, sem tryggðar eru með veði í fasteign eða handveði. Sú takmörkun var þó gerð, að vextir mega ekki vera hærri en Landsbanki Íslands reiknar sér á hverjum tíma.

Þessi almenna heimild til vaxtahækkunar náði ekki til Söfnunarsjóðs Íslands, þar sem um hann gilda sérstök lög, nr. 2 frá 1888, sbr. breytingu á þeim lögum, nr. 84 frá 1935, en þar er bann við því að sjóðurinn taki hærri vexti en 5% á ári.

Þar sem bann þetta háir mjög starfsemi sjóðsins, enda óeðlilegt þegar almennt eru leyfðir 7% ársvextir af fasteignalánum, er talið rétt að breyta lögum sjóðsins til samræmis við hin almennu lög um vexti. Það er hins vegar ekki talið rétt, að láta þessa heimild til vaxtahækkunar koma til greina á lán, sem þegar hafa verið veitt úr sjóðnum.